



SSV
Samtök sveitarfélaga
á Vesturlandi

139 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 29 ágúst 2018 kl.10.00 að Bjarnabraut 8 í Borgarnesi

Mætt voru; Rakei Óskarsdóttir, Valgarður Jónsson, Björgvin Helgason, Árni Hjörleifsson, Guðveig Eyglóardóttir, Geirlaug Jóhannsdóttir, Ingveldur Guðmundsdóttir, Hilmar Hallvarðsson, Hafdís Bjarnadóttir, Eyþór Garðarsson, Björn Hilmarsson og Atli Svansson. Auk þess sat Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV fundinn og ritaði fundargerð.

Rakei Óskarsdóttir, formaður SSV, setti fund kl. 10.00

1. Framlögð fundargerð frá 138 fundi stjórnar SSV.

Formaður lagði fram fundargerð frá 138 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Fundargerðin var staðfest.

2. Almenningsamgöngur.

Rætt um framhald verkefnisins um rekstur almenningsamgangna. Stjórn SSV áréttaði mikilvægi þess að samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og Vegagerðin boði fulltrúa landshlutasamtakanna sem fyrst til viðræðna um rekstur almenningsamgangna á landsbyggðinni. Þetta mál þolir enga bið.

Framkvæmdastjóri lagði fram yfirlit yfir rekstur almenningsamgangna fyrstu 7 mánuði ársins á starfssvæði SSV og er tap á rekstrinum upp á tæpar 6 m.kr. að teknu tilliti til viðbótarframlags Vegagerðarinnar.

3. Málefni fatlaðra

Lögð fram fundargerð frá fundi Þjónusturáðs um málefni fatlaðra sem fram fór 22.08 2018. Í fundargerðinni kom fram að ráðið hvetur til þess að stofnaður verði vinnuhópur til þess að endurskoða samstarf sveitarfélaga á Vesturlandi um málefni fatlaðra með hliðsjón af nýjum lögum sem taka gildi í haust.

Stjórn samþykkti að fela framkvæmdastjóra að vinna erindisbréf fyrir vinnuhóp um endurskoðun á samstarfi sveitarfélaga um málefni fatlaðra og leggja fram á stjórnarfundum 20. september n.k.

4. Sóknaráætlun Vesturlands

Lagt fram minnisblað þar sem farið var yfir stöðuna á áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Vesturlands 2018. Í gangi eru fimm verkefni; Nýsköpun og frumkvöðlar, Matarauður Vesturlands, Efling ferðaþjónustu, Innviðir Vesturlands og Menningarstarf.

5. Haustþing SSV 2018

Rætt um dagskrá Haustþings SSV 2018 sem fer fram á Hótel Bifröst dagana 20 og 21 september n.k. Framkvæmdastjóra var falið að vinna áfram að dagskrá.

6. Starfsreglur stjórnar

Lögð fram tillaga að starfsreglum stjórnar SSV. Umræða varð um hvenær sé rétt að kjósa nýja stjórn að afloknum sveitarstjórnarkosningum þar eða samkvæmt núgildandi lögum SSV líða u.þ.b. þrjú mánuðir frá því að ný stjórn SSV tekur við eftir kosningar. Stjórn fól framkvæmdastjóra að kynna reglurnar fyrir starfsmönnum SSV og taka þær að nýju til umræðu á næsta fundi stjórnar, auk þess sem honum var falið að taka saman minnisblað um hvernig önnur landshlutasamtök standa að kosningu í stjórn á því ári sem kjörið er til sveitarstjórna.

7. Mannauðsstefna SSV

Lögð fram tillaga að mannauðsstefnu fyrir SSV. Stjórn fól framkvæmdastjóra að kynna stefnuna fyrir starfsmönnum SSV og taka þær að nýju til umræðu á næsta fundi stjórnar.

8. Starfsmannamál

Lögð fram tillaga að ráðningu Svölu Svavarsdóttur sem verkefnisstjóra SSV, en Svala var valin úr hópi 14 umsækjenda um stöðu verkefnisstjóra hjá SSV. Hagvangur hélt utan um ráðningarferlið. Stjórn samþykkti tillöguna

9. Velferðarstefna Vesturlands.

Formaður kynnti stöðuna á vinnu við Velferðarstefnu Vesturlands. Fram kom að drög að stefnunni verða lögð fram á Haustþingi SSV.

10. Landsþing sveitarfélaga

Lagt fram bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem boðað er til Landsþings sveitarfélaga sem fer fram á Akureyri dagana 26-28 september. Formaður og framkvæmdastjóri hafa seturétt á þinginu með málfrelsi og tillögurétt.

11. Veiðileyfagjöld

Framkvæmdastjóri kynnti stöðuna á vinnu við skýrslu um áhrif veiðileyfagjalda á fyrirtæki í Norðvestur-kjördæmi. Deloitte er að vinna skýrsluna að beiðni landshlutasamtakanna í kjördæminu og munu drög að skýrslunni liggja fyrir í byrjun september.

12. Almannaþing Vesturlands

Á fundinn mættu Þór Þorsteinsson varaformaður Landsbjargar, Úlfar Lúðvíksson lögreglustjóri og Jón Haukur Hauksson frá lögreglustjóraembættinu á Vesturlandi til viðræðna um stöðu almannaþinga og nýja sameinaða almannaþing Vesturlands sem mun taka til starfa á næstunni. Til grundvallar umræðunni lá bréf sem Þór Þorsteinsson hafði ritað stjórn SSV um málefni almannaþinga á Vesturlandi. Fram kom í máli gesta fundarins að framundan væri vinna við mótun stefnu nýrrar nefndar, sameiningu viðbragðsáætlana, gerð hættumats og könnun áfallapóls. Þessi verkefni væru það umfangsmikil að ráða þyrfti

starfsmann tímabundið til að sinna þeim. Samkvæmt lögum væri það verkefni sveitarfélaga að ráða starfsmann almannavarnarnefndar.

Stjórn samþykkti að fela framkvæmdastjóra að taka saman minnisblað um mögulega aðkomu sveitarfélaganna að þessu verkefni.

13. Samgöngumál

Formaður lagði til að stjórn SSV myndi óska eftir fundi með Reykjavíkurborg til að ræða stöðu mála varðandi lagningu Sundabrautar og stefnu borgarstjórnar varðandi þessa vegabót.

14. Fundur með ríkisstjórn Íslands

Stjórn ræddi um fund sveitarstjórnarmanna af Vesturlandi með Ríkisstjórn Íslands sem fram fór í Langaholti á Snæfellsnesi 16. júlí s.l. Fram kom ánægja með fundinn og var framkvæmdastjóra falið að senda þakkir til forsætisráðuneytisins með fundinn.

15. Framlögð mál

- a. Lagt fram yfirlit um fundi sem framkvæmdastjóri hefur sótt
- b. Vinna sjónvarpsstöðvarinnar N4 á efni um Vesturland fyrir SSV

Fundi slitið kl. 12.35